RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Guðmundur Árni Þórðarson
Kt. 1209863769
Dags. 4.5.2022 15:14:20
Ástæða: Undirritun
RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 4.5.2022 15:23:09
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 04.05.2022.




| Stærðir samtals: | |
|---|---|
| Brúttó Flatarmál (hús með geymslu) | 120,0 m² |
| Hús án geymsla | 95,2 m² |
| Stærð lóðar | 6.561,0 m² |
| Nýtingarhlutfall | 1,83% |

## Afstöðumynd

Mkv: 1:500




## Grunnmynd

Mkv: 1:100




| | SKÝRINGAR: |
|---|---|
| SL | Slökkvitæki |
| "R" | Reykskynjari |
| (A)-EI-60 | Skil Brunahólfa |
| FL | Flóttaleið |
| Bo | Björgunarop |
| Gn | Gólfniðurfall |
| Lr | Loftræsing |

Byggingalýsing, Hvammsholt 1
Landnúmer: L231847
Staðgreinir: 8721-1-37200010
Lýsing:
Húsið stendur frístundabyggð í landi Fells í Bláskógabyggð í Grímsnesi.

Húsið er heilsárshús auk geymslu fyrir golfbíla og fjórhjól á einni hæð, timburhús með yleiningaþaki fest við staðsteyptar undirstöður.

Sökklar og botnplötur eru staðsteyptar, járnbentar og einangraðar að innanverðu með 100 mm plasteinangrun.
Útveggir eru timburveggir byggðir úr 45x145 mm burðarvið úr styrkleikaflokki T1, holrými fyllt 150 mm steinullareinangrun. Útveggjaklæðning er aluzink báruál í gráum lit. Undir glugga skal klæða með harðvið. Innan á úveggjagrind skal koma fyrir rakavarnarlagi. Lagnagrind er 45x45 mm einnig fyllt einangrun. Grindur eru festar niður við sökkulveggi með vinklum og múrboltum.

Gluggar og hurðir úr áli. Allt gólfsítt gler skal vera öryggisgler.
Burðarvirki þaks eru límtrésbitar og burðarveggur í miðjuhúsi annarsvegar og útveggir hinsvegar. Límtrésbiti í mæni er vestur í útveggi og burðarvegg stærð ákvörðuð af burðarvirkishönnuði. Þakásar milli mænis og útveggjar úr límtré. Ofan á þakburðarvirki skrúfast trapisusteinullar yleiningar frá Límtré Vírnet, þakhalli 7°, lágmarkshalli skv gr. 10.5.4 í byggingarreglugerð er 4°, kíttað verður í öll föls. Steinullaryleining er ST-240 mm, litaval skv vali verkkaupa. Ekki er þörf að koma fyrir rakavarnarlagi eða útloftun við þak.

Innveggir eru hefðbundnir gipsveggir, byggðir upp af málmstoðum 45x95 mm fyllt 100 mm steinullar einangrun og klætt 2x gipslagi. Burðarveggir úr 45x145 timburstoðum, timbur í styrkleikaflokki 1. Bakvið innréttingar skal setja 13 mm krossvið/spónaplötu. Allar klæðningar í flokki 1.

Húsið er kynnt með hitaveitu með miðstöðvarofnum. Allar lagnir eru leiddar ýmist í gólfplötu eða í lagnagrind útveggja. Tryggja skal að hitastig á töppunarstöðum fari ekki yfir 65°C. Skólp er leitt í rotþró sem staðsett er norðan við hús. Þjónusta við rotþró er frá aðkomuvegi. Efsta brún setlaugar skal a.m.k vera í 400 mm hæð yfir göngusvæði.

Húsið er einnar hæðar frístundahús í notkunarflokki 3. Samtengdir reykskynjarar, slökkvitæki og flóttaleiðir í samræmi við uppdrátt. Björgunarop eða útihurðir eru á svefnrýmum. Brunahólfanir EI-60 milli íbúðar og geymslu. Brunamótstaða útveggja er a.m.k R90 og brunamótstaða burðarvirkis þaks er a.m.k R60. Allar klæðningar skulu vera í flokki 1.
Auðkenni um staðsetningu frístundahússins skal komið fyrir utandyra á útvegg.
Loftræst rými, þar sem að lítrar á sekúndu eru tilgreyndir eru útbúin með vélrænu útsogi, en að öðru leiti er um að ræða sjálfsogandi loftrásir. Loftrásir skulu liggja frá innirýmum og loftast út um túður á þaki.

Í geymslu skal koma fyrir útloftun við gólf.

Lóð er 6561 m², aðkoma og göngustígur verður lögð malarlagi. Gert er ráð fyrir fjórum bílastæðumi. Lóð verður ræktuð. Gróður verður í lóðarmörkum og gróðurbeð verður við aðkomu. Sorp verður flutt í þar til gerð sorpgerði frístundabyggðarinnar.

Hæðarkótar eru afstæðir og miðast við að frágengið gólf sé í kóta 10.00.
Mál á grunnmynd og sniði eru í mm.

Kólnunartölur tilgreindar á sniðum.

Hönnunarstjóri er Guðmundur Árni Þórðarson, kt:120986-3769.

| | SKÝRINGAR: |
|---|---|
| SL | Slökkvitæki |
| "R" | Reykskynjari |
| (A)-EI-60 | Skil Brunahólfa |
| FL | Flóttaleið |
| BO | Björgunarop |
| GN | Gólfniðurfall |
| LR | Loftræsing |
| BS | Brunaslanga |
| SV | Skolvaskur |

| BR. | DAGS. | BREYTING | REIKN. | TEIKN. |
|---|---|---|---|---|

GLÓRA
HÖNNUN I RÁÐGJÖF I ÁÆTLANIR

Þorleifur Björnsson 030673 3799
Byggingafræðingur BFÍ
Hafnargata 27a 230 RNB
Sími: 421 7562 780 4400
Póstfang: thb@glora.is

# SUÐURLAND
## Hvammsholt 1

GRUNNMYNDI
BYGGINGARLÝSING, STÆRÐIR.

HANNAÐ/TEIKN. Guðmundur Árni Þórðarson
ATH.
KT. 120986-3769
KVARÐI Sjá teikn.
REYKJAVÍK 03/05/2022
VERKNR. G-2022-008
A-101
BR.

